

Dalagisting ehf. 88. fundur.

Fimmtudaginn 6. janúar 2022 var haldinn stjórnarfundur Dalagistingar ehf. í fjarfundi og hófst hann kl. 15:40.

Mætt voru: Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Guðmundur Gunnarsson, Pálmi Jóhannsson, Tryggvi Guðmundsson, Anna Berglind Halldórsdóttir og Kristján Sturluson.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason stýrði fundi.

Dagskrá:

1. Niðurstaða af erindi til Byggðastofnunar.

Á 87. fundi stjórnar félagsins 22.10.2021 var framkvæmdastjóra falið að senda fyrirspurn til Byggðastofnunar og óska eftir viðræðum um hvernig stofnunin gæti aðstoðað félagið á meðan eignir þess eru óseldar.

Tillaga Byggðastofnunar er að tveimur erlendum lánum þ.e. lán nr. 700093 með gjalddaga í febrúar og lán nr. 700087 með gjalddaga apríl verði skuldbreytt á þann veg að þau verði sameinuð í eitt óverðtryggt lán í ísl. krónum og væri hægt að hafa gjalddaga t.d.. í sept. eða okt.

Tillagan samþykkt og framkvæmdastjóra falið að ganga frá samkomulagi við Byggðastofnun.

2. Söluferli fasteignar félagsins.

Skv. upplýsingum frá fasteingasala er aðili búinn að óska eftir að skoða eignina á næstu dögum. *Framkvæmdastjóra falið að kanna með að eignin verði sett á fleiri fasteignasölur.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00.

Fundargerð ritaði Kristján Sturluson.

Fundargerð staðfest í tölvupósti.

Anna Berglind Halldórsdóttir, 06.01.2022, kl. 16:32

Eyjólfur Ingvi Bjarnason, 06.01.2022, kl. 16:11

Guðmundur Gunnarsson, 11.01.2022, kl. 15:45

Pálmi Jóhannsson, 08.01.2022, kl. 13:05

Tryggvi Guðmundsson, 06.01.2022, kl. 17:06



Kristján Sturluson